



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 12.05.2015  
Tilvísun: 201506-0006

**Efni: Frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, 647. mál**

Alþýðusamband Íslands veitti umsögn í málinu er það var lagt fram á síðastliðnu löggjafarþingi, nánar tiitekið sem 12. mál. Umsögn sú, sem er hér eftirfarandi, er hér með ítrekuð:

Upplýsingabylting undanfarinna ára hefur leitt til þess að almenningur hér á landi og erlendis, hefur fengið nauðsynlega vitneskju um grófa misbeitingu valds ákveðinna ríkja, þá sérstaklega hvað varðar persónunjúsnir. Í því samhengi er vert að nefna sérstaklega mál Chelsea Manning og Edward Snowden í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Sagan kennir okkur og ofangreind dæmi sýna að ríki hafa því miður tilhneigingu til misbeitingar valds og jafnvel að snúast gegn borgurum sínum. Því felur frumvarp þetta í sér nauðsynlegan varnagla sem þó vonandi þarf ekki að notast.

Alþýðusamband Íslands telur að það eigi enginn að fara í fangelsi fyrir að segja sannleikann enda sé það lýðræðinu og borgurum alltaf til góða að hafa miklar og réttar upplýsingar. Alþýðusamband Íslands styður því í megindráttum frumvarpið og telur það fela í sér nauðsynlega réttarbót fyrir samfélagið í heild sinni sem og að sjálfsögðu fyrir starfsfólk hins opinbera.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ,

Halldór Oddsson hdl.  
Lögfræðingur hjá ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sæðing 1 • Reykjavík  
Sími 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is